

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

	Þús. kr.
Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1974 er veitt:	
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	17 665
01 Forsætisráðuneytið	217 952
02 Menntamálaráðuneytið	1 095 093
03 Utanríkisráðuneytið	100 996
04 Landbúnaðarráðuneytið	959 601
05 Sjávarútvegsráðuneytið	160 491
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	746 442
07 Félagsmálaráðuneytið	599 355
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 343 687
09 Fjármálaráðuneytið	659 392
10 Samgönguráðuneytið	1 101 921
11 Iðnaðarráðuneytið	1 243 647
12 Viðskiptaráðuneytið	2 252 182
13 Hagstofa Íslands	5 940
14 Ríkisendurskoðun	10 830
Samtals	11 515 194

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 7. lið 2. gr. laganna komi nýr 8. liður, sem orðist svo:
8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.

2. gr.

8. liður 2. gr. laganna verði 9. liður og orðist svo:
Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

3. gr.

Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.

4. gr.

Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:

22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ása-hreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf. Um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.